



Reglur fjölskyldu- og tómstundaráðs Vestmannaeyja vegna styrks til efnilegra ungmenna sem taka þátt í landsliðsverkefnum á vegum Íslands

1. gr.

Ungmenni á aldrinum 15 til 19 ára og einstaklingar sem valdir eru í A-landslið Íslands sem eru geta sótt um styrk til Vestmannaeyjabæjar sbr. 5. gr. hafi þau verið valin til landsliðsverkefna á vegum Íslands í sinni íþrótt. Skilyrði er að viðkomandi sé með lögheimili í Vestmannaeyjum og keppi með félagi innan ÍBV héraðssambands.

2. gr

Meginreglan er sú að afreksfólk í Vestmannaeyjum innan ÍBV héraðssambands sækja styrki til síns íþróttafélags og/eða ÍBV héraðssambands. ÍBV héraðssamband fær á hverju ári framlag frá Vestmannaeyjabæ í afreks- og styrktarsjóð til að mæta kostnaði afreksfólks vegna æfinga og keppnisferða. Veitt er úr umræddum sjóði samkvæmt innri reglum ÍBV héraðssambands og félaga þess.

Einstaklingar geta sótt um ferðastyrk til Vestmannaeyjabæjar tvisvar á ári fyrir hvert landslið til að koma til móts við kostnað.

3. gr.

Vestmannaeyjabæjar veitir styrk í formi óskertra launa hjá þeim einstaklingum er starfa hjá Vestmannaeyjabæ í sumarstörfum vegna vinnutaps er tengist þátttöku í landsliðsverkefnum á vegum sérsambanda ÍSÍ, sbr. 5. gr og að uppfylltu viðmiðana sbr. 6. gr. Þeir sem starfa hjá Vestmannaeyjabæ og taka þátt í A-landsliðsverkefnum geta sótt um styrk í formi launa skv. starfsheitinu sumarstarfsmaður fyrir þá daga sem fjarvera er vegna keppni. Gerð er krafa um að starfsmaður sé með viðveru í starfi hjá Vestmannaeyjabæ minnst í 4 vikur og í amk. 40% starfshlutfalli. Laun eru greidd í samræmi við starfshlutfall.

4. gr.

Ferðastyrkir til einstaklinga innan aðildarfélaga ÍBV íþróttafélags sem uppfylla skilyrði þessara reglna miðist við 40.000 kr (tekur breytingum sbr. hækkunum fjárhagsáætlunar hvers árs) fyrir verkefni innan Evrópu en 60.000 kr utan Evrópu. Ferðastyrkurinn er aðeins veittur þegar sérsambönd greiða ekki fullan ferðakostnað.



5. gr.

Styrkur er veittur vegna:

- Vegna landsliðsæfinga og keppni erlendis.
- Þátttöku á Ólympíuleikum, Norðurlanda-, Evrópu- eða Heimsmeistaramótum, Smáþjóðaleikum eða öðrum sambærilegum mótum.

6. gr.

Vestmannaeyjabær hefur eftirfarandi skilyrði til viðmiðunar við ákvörðun um úthlutun styrkjara:

- Áætlanir um æfingar og fyrirhugaða þátttöku í keppnum staðfestar af landsliðsþjálfara eða sérsambandi.
- Heildarkostnaður vegna þátttöku í verkefni.
- Umsækjandi sem starfar hjá Vestmannaeyjabæ og óskar eftir styrk í formi óskertra launa skal tilgreina vinnustaðinn, starfshlutfall og lengd tímabils vegna fjarveru vegna landsliðsæfinga og keppni með landsliði.
- Aðrar upplýsingar sem umsækjandi metur mikilvægar.

7. gr.

Sótt er um rafrænt á sérstöku eyðublaði sem finnst á íbúagátt Vestmannaeyjabæjar. Öllum umsóknum er svarað skriflega.